

Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

12. nóvember 2025
UOS2501516/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. ágúst 2025 – ID 22

Þann 29. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélags Stykkishólms við Ögur. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ekki lágu fyrir fullnægjandi skráningar fyrir vegna innra eftirlits rekstraraðila vegna ársins 2023 og 2022. Rekstraraðila bera að halda til skráningum vegna allra þeirra þátta sem listaðir eru upp undir 4.1 í starfsleyfi og skila inn reglubundið, fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins rekstrarárs. Ekki voru til staðar skráningar vegna liða nr. 2-6, sem og 11. **Eftir eftirlit 2024 sendi rekstraraðili inn frekari skráningar. Úrbótum á fullnægjandi skilum á skráningum hefur hins vegar ekki gengið eftir og er því frávikið enn opið.**
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skulu vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun út frá starfseminni. Engin vöktun fer fram á grunnvatni, þar sem ekkert vatn hefur fundist í sýnatökubrunnum. **Úrbætur hafa ekki gengið eftir, en skv. rekstraraðila stóð til að fá álit ráðgjafa til að koma á slíkum mælingum. Ef ekki reynist unnt að vakta grunnvatnið þarf að endurskoða starfsleyfið, frávikið er því enn opið.**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi lá ekki fyrir við eftirlit.
2. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Afrit af gildandi ábyrgðartryggingu vegna mögulegrar bráðamengunar lá ekki fyrir við eftirlit.

3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili tekur ekki saman fullnægjandi skráningar vegna innra eftirlits starfseminnar. Skráningum hefur eingöngu verið skilað inn vegna móttækis úrgangs vegna ársins 2024, vantar inn aðrar skráningar. Varðar þetta frávik einnig eldra frávik sem er opið.
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera til staðar svo unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfseminni kann að berast. Varðar þetta frávik einnig eldra frávik sem er opið. Varðar þetta frávik einnig eldra frávik.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

teymisstjóri í teymi eftirlits